

---

## Minnisblað-drög

Dagsetning: 17. september 2020

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalýkill: 2001208/6.1.1

### **Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi takmarkanir á höfuðborgarsvæðinu þ. 18. september 2020 vegna vaxandi útbreiðslu COVID-19.**

---

Undanfarna þrjá sólarhringa hafa 38 einstaklingar greinst hér á landi með COVID-19 og er það umtalsverð fjölgun miðað við dagana á undan. Nánast allir þessir einstaklingar eru staðsettir á höfuðborgarsvæðinu og við smitrakningu þá tengist a.m.k. fjórðungur þeirra heimsókn á ákveðnar krár og skemmtistaði í Reykjavík fyrir tæpri viku. Þessir einstaklingar hafa að líkindum náð að smita aðra í framhaldi af sínum heimsóknum.

Mitt mat er að í uppsiglingu geti verið stór hópsýking sem á uppruna sinn í heimsóknum á krár og skemmtistaði á höfuðborgarsvæðinu.

Ég tel því mikilvægt að bregðast sem fyrst við með markvissum aðgerðum til að koma í veg fyrir útbreiddan faraldur með tilheyrandi afleiðingum.

Mínar tillögur eru eftirfarandi:

1. Frá og með 18. til og með 21. september 2020 verði krám og skemmtistöðum í umdæmi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu lokað. Að þeim tíma liðnum verði opnun staðanna endurmetin með hliðsjón af þróun hópsýkingarinnar.
2. Forráðamenn skóla og fyrirtækja verði hvattir til að skerpa á sýkingavörnum í samræmi við fyrirbyggjandi leiðbeiningar.
3. Áfram verði hvatt til verndunar viðkvæmra hópa
4. Einstaklingar verði hvattir til notkunar andlitsgríma samkvæmt fyrirbyggjandi leiðbeiningum í aðstæðum þar sem ekki er hægt að viðhafa eins metra nándarreglu og/eða loftgæði eru slæm.
5. Einstaklingar verði sérstaklega hvattir til að viðhafa einstaklingsbundnar sýkingavarnir í sínu daglega lífi.
6. Einstaklingar með sjúkdómseinkenni sem benda til COVID-19 haldi sig til hlés og leiti eftir sýnatöku hjá heilsugæslunni.
7. Ekki er mælt með breytingu á fjöldatakmörunum eða eins metra nándarreglu að þessu sinni.